

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

33. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 30. maí 2018 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu fyrir hönd SÍ, Þorsteinn Sæberg og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breyting á samþykktum og starfsreglum Vonarsjóðs vegna styrkveitinga í tengslum við ferðakostnað innanlands.

Niðurstaða:

Frá og með 1. júní 2018 mun eftirfarandi málsgrein bætast við grein 3.1, staflið a) í samþykktum og starfsreglum Vonarsjóðs FG og SÍ:

Ferðakostnaður innanlands er styrktur í þeim tilfellum sem önnur leið frá vinnustað að námskeiðs/ ráðstefnustað er a.m.k. 50 km. Í þeim tilfellum sem ferðakostnaður fellur til vegna notkunar á eigin bifreið er greitt kílómetragjald. Greiðsla kílómetragjalds felur í sér að fylgt er sömu viðmiðum um gjald pr. km og ákvarðað er af Sjúkratryggingum Íslands, þó verði að hámarki greiddar 45.000 kr. Vegna aksturs félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu til og frá Keflavíkurflugvelli er greidd föst upphæð kr. 3.000 (báðar leiðir). Umsækjandi geri í öllum tilfellum grein fyrir eknum km í umsóknarferli á Mínum síðum. Umsókn um ferðakostnað verður að fylgja með umsókn um námskeið/ráðstefnu þar sem ekki er hægt að sækja um eftirá.

Fundi slitið klukkan 10:30.